

Bryndís Zoëga
Guðný Zoëga

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Hvammstanga



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2011/118

EFNISYFIRLIT	
INNGANGUR	2
FORNLEIFASKRÁ.....	2
SAMANTEKT	6

Inngangur


Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga skráði að beiðni byggingafulltrúa Húnaþings Vestra fornleifar á deiliskipulagsreit vegna íbúðabyggingar á Hvammstanga. Svæðið sem að skráð var afmarkast af Ásnum til austurs, veginum upp í Kirkjuhvamm til norðurs, húsum 2-8 við Kirkjuveg til vesturs og Syðri-Hvammsá til suðurs. Skráning var í höndum Bryndíslar Zoëga landfræðings og fór fram 9. maí 2011.

Heimildamenn þeir Björn Sigurðsson og Baldur Ingvarsson á Hvammstanga fá bestu þakkir fyrir aðstoðina.

Deiliskipulagsreitur austan Kirkjuvegjar

Rannsóknarsvæðið er á landi sem áður tilheyrði jörðinni Kirkjuhvammi en merki milli Kirkjuhvamms og Syðri-Hvamms eru um Syðri-Hvammsá sem rennur sunnan við deiliskipulagsreitinn (sjá m.a. Örnefnaskrá Kirkjuhvamms, bls. 9¹). Reiturinn er ofan (austan) við núverandi byggð á Hvammstanga. Efsti torfbærinn í þorpinu; Melland (byggður á 2. áratug 20. aldar) var neðan (vestan) reitsins, þar sem nú er Kirkjuvegur 4. Innan rannsóknarsvæðisins eru tún, ræktuð upp á 20.öld, sem voru eign þorpsbúa sem héldu búfénað. Túnin voru í notkun fram eftir öldinni (Munnleg heimild, Björn Sigurðsson og Baldur Ingvarsson, 11.05.11; Sjá einnig Gústav Halldórsson, 384-5²).

Fornleifaskrá



Mynd 1. Mótóft. nr. 1. Horft er í átt að vatnstankinum til norðurs.

Hvammstangi -1

Fornleifaskráning

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 80m suður af vatnstankinum sem stendur á Ásnum er tóft. Í örnefnaskrá segir um Ásinn: „liggur út og suður neðan flóanna niður frá túnnum jarðanna [...]“ (ÖK, 1).

Lýsing

Tóftin er á smá hávaða, um 5x5m að utanmáli, algróin og þýfð. Veggir eru 20-40sm háir.

¹ Þór Magnússon (1998). Kirkjuhvammur. Örnefnastofnun Íslands.


² Gústav Halldórsson (1975). Hvammstangi. Í Húnaþing 1. bindi. Akureyri.

Aðrar upplýsingar

„Fyrir neðan hvamminn [átt er við hvamminn sem jarðirnar Kirkjuhvammur og Syðstihvammur eru í] gengur klapparás samhliða fjallinu og verður alldjúpur jarðvegur ofan ássins. Þar var áður tekinn mór til eldsneytis fyrir þorpið. Var mórinn þurrkaður á ásnúm og síðan hlaðið í hlaða eða látinn í byrgi, þegar þurr var orðinn. Þannig var mórinn geymdur til vetrarins og þá tíðast borinn heim á bakinu, eða dreginn á smá sleðum ef færi var.“ (Gústav Halldórsson, 368).

Hættumat og staðsetning miðað við deiliskipulagsreit

Tóftin er 40m austur af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og, er að óbreyttu, ekki talin í hættu vegna framkvæmda.



Hvammstangi -2

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á norðurbakka Syðri-Hvamsár, 35m suðaustur af deiliskipulags-svæðinu er garðlag.

Lýsing

Garðlagið sem að líkindum hefur verið umhverfis matjurtagarð er horfið á kafla til austurs og suðurs en norður- og suðurveggur eru heillegir. Það er 10-30sm hátt og grasi gróið og snýr mót suðri. Garðurinn er alls um 18m langur og afmarkar 6x8m breitt svæði.

Hættumat og staðsetning miðað við deiliskipulagsreit

Garðlagið er 35m suðaustur af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og er að óbreyttu ekki talið í hættu vegna framkvæmda.



Mynd 2. Garðlag nr. 2. Horft er til suðvesturs.



Mynd 3. Matjurtagarðar nr. 3. Horft er upp brekkuna til austurs.

Hvammstangi -3

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 40m austur af Kirkjuvegi 6 (íbúðarhúsi) og um 10m vestur af deiliskipulagssvæðinu eru garðlög.

Lýsing

Garðlögin hafa afmarkað matjurtagarða sem ekki eru lengur í notkun. Þeir ná yfir tæplega 40m langt svæði og 6-15m breitt. Þau eru mest um 100sm há og hafa að hluta verið hlaðin úr torfi og að hluta úr grjóti.

Aðrar upplýsingar

Baldur Ingvarsson íbúi á Kirkjuvegi 6 sagði afa sinn, Ólaf Ólafsson, hafa verið þarna með matjurtagarða en hann fluttist að Mellandi, torfbæ sem stóð þar sem nú er Kirkjuvegur 4, um 1920 (Munnleg heimild, Baldur Ingvarsson, 11.05.2011).

Hættumat og staðsetning miðað við deiliskipulagsreit

Garðlögin eru um 10m vestur af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.



Mynd 4. Horft er til SSV, til hægri á myndinni sést grjóthlaðinn kantur nr. 4.



Mynd 5. Grjóthlaðinn kantur nr. 4. Horft er til suðurs.

Hvammstangi -4

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir


Austur og upp af Kirkjuvegi 8 er grjóthlaðinn kantur.

Lýsing

Kanturinn liggur austur/vestur og beygir síðan til suðurs og er alls um 20m langur og mest um 50sm á hæð. Hann afmarkar gróna flöt og á henni eru þrír steiptir stólpar sem Baldur Ingvarsson taldi að gætu verið undan girðingastaurum sem að afi hans Ólafur Ólafsson lét steypa (Munnleg heimild, Baldur Ingvarsson, 11.05.2011). Aldur og hlutverk eru óvís en ekki er talið líklegt að hleðslan sé frá því fyrir 1900.

Hættumat og staðsetning miðað við deiliskipulagsreit

Hleðslan er tæplega 45m vestur af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og eru að óbreyttu ekki taldar í hættu vegna framkvæmda.



Mynd 6. Á myndinni er horft til norðausturs að tóft nr. 5

Hvammstangi -5

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Inn á vesturhluta deiliskipulagssvæðisins, vestur undir klöpp er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og mögulega hefur verið hlið við suðvesturhorn hennar. Norðausturveggur hefur verið grafinn inn í hallann sem liggur upp að klöppinni sem tóftin liggur undir. Veggir eru grasi grónir, 10-40sm háir og algrónir grasi nema þar sem sér í einn stein í vesturvegg á kafla þar sem hann er illa farinn. Tóftin er frá 19. eða 20. öld og útlit minnir á litla rétt eða annarskonar aðhald fyrir skepnur.

Hættumat og staðsetning miðað við deiliskipulagsreit

Tóftin er á deiliskipulagssvæði og því fyrirséð að hún verði fyrir raski.



Mynd 7. Meint mógröf nr. 6. Horft er upp á Ásinn til suðausturs.

verið mógrafir en aðal mógrafarsvæði bæjarins (í um 140m fjarlægð) var ofan við Ásinn sem er austur af meintri mógröf.

Hættumat og staðsetning miðað við deiliskipulagsreit

Meint mógröf er fast við deiliskipulagssvæði og því fyrirséð að hún verði fyrir raski.

Hvammstangi -6

Hlutverk: Óþekkt, mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Við norðurjaðar deiliskipulagssvæðisins er niðurgroftur.

Lýsing

Niðurgrofturinn sem liggur frá norðvestur/suðaustur er 6x9m að utanmáli og 30-60sm djúpur algróinn grasi. Smá vatn er í suðausturhorni hans. Miðað við útlit virðist vera um mógröf að ræða en heimildamenn sem rætt var við vissu ekki til þess að þarna hefðu



Mynd 8. Hóll eða þúst nr. 7 fyrir miðri mynd. Horft er í austur í átt að Ásnum.

Hvammstangi -7

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll, þúst

Staðhættir

Tæplega 25m suður af veginum sem liggur upp í Kirkjuhvamm og rúmlega 50m norður af deiliskipulagssvæðinu er smá hóll eða þúst.

Lýsing

Engin veggjalög sjást á hólnum sem er nokkuð grænni en umhverfi hans og virðist geta geymt einhverjar minjar um mannvist. Ólíklegt er talið að um fornminjar sé að ræða heldur frekar eitthvað sem tengst gæti þeim búskap

sem þarna var fram yfir miðja 20. öld.

Hættumat og staðsetning miðað við deiliskipulagsreit

Hóllinn/þústin er í rúmlega 50m fjarlægð frá deiliskipulagsreit og að óbreyttu ekki talinn í hættu vegna framkvæmda.

Samantekt

Alls voru skráðar 7 minjar (sjá kort aftast í skýrslu) á og við deiliskipulagsreitinn sem allar eru taldar vera frá fyrri hluta 20. aldar að undanskilinni tóft nr. 5 sem gæti verið eldri. Nákvæmur aldur minjanna er ekki þekktur og óvíst er hvort þær falli undir skilgreiningu Þjóðminjalaga á fornleifum. Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 eru fornleifar skilgreindar sem minjar eldri en 100 ára en heimilað er að friðlýsa yngri minjum með sérstakri heimild. Fornleifavernd ríkisins veitir umsögn um fornleifar vegna skipulagsvinnu og umhverfismats.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Númer	Frvnr	Austun	Norðun	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til
1	13109	410104,04	545910,14	Tóft		Mókofi		1900	1950
2	13110	410078,63	545855,90	Garðlag		Matjurtagarður		1900	1980
3	13111	409890,89	545891,64	Garðlag		Matjurtagarður		1900	1980
4	13112	409854,99	545917,40	Hleðsla		Óþekkt		1900	1900
5	13113	409922,56	545930,90	Tóft		Óþekkt	Rétt	1800	1950
6	13114	409991,96	546023,69	Niðurgroftur		Óþekkt	Mógröf	1900	2000
7	13115	409990,22	546083,13	Hóll	þúst	Óþekkt		1900	1900

Hvammstangi -fornleifaskráning vegna deiliskipulags



M ó g r a f i r

Vatns-
tankur

Ásinn

7

6

1

2

5

4

3

Kirkju-
vegur 8

Kirkju-
vegur 6

Kirkjuvegur 4
(áður Melland)

Hvammstanga-
kirkja

Leikvöllur

Syðri-Hvammsá